

## **VI. Tillaga til 398. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 4. maí 2017.**

Tillaga 475. fundar skipulags- og mannvirkjanefndar, 12. apríl sl., um að heimila útgáfu framkvæmdaleyfis vegna lagningu 11 kW jarðstrengs Orkubús Vestfjarða , frá Skeiði, Þingeyri að væntanlegum gangamunna Dýrafjarðarganga, á grundvelli þeirra gagna sem fyrir liggja skv. 13.gr. skipulagslaga 123/2010 og reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.

### **2. 2017030108 - Umsókn um framkvæmdaleyfi - Orkubú Vestfjarða**

Orkubú Vestfjarða sækir um framkvæmdaleyfi vegna lagningu 11 kV rafstrengs frá Skeiði, Þingeyri að væntanlegum gangamunna Dýrafjarðarganga. Einnig er óskað eftir leyfi fyrir efnistöku í landi Ketilseyrar, leyfi landeiganda liggur fyrir.

Fylgiskjöl með umsókn dags. 24.03.2017 eru eftirfarandi.

1. Yfirlitsmyndir lagnaleiðar í skala 1:10000 nr. R-01, R-02 og R-03 frá Tækniþjónustu Vestfjarða dags.20.10.2016
2. Þversnið nr. R-04 og R-05 frá Tækniþjónustu Vestfjarða dags. 21.10.2016
3. Staðfesting frá Náttúrustofu Vestfjarða vegna skráninga fornleifa á lagnaleið.
4. Samkomulag milli OV og Vegagerðar vegna lagningu strengs.
5. Útboðsgögn.
6. Heimild landeigenda í landi Dranga Dýrafirði.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila útgáfu framkvæmdaleyfis vegna lagningu 11 kW jarðstrengs Orkubús Vestfjarða , frá Skeiði, Þingeyri að væntanlegum gangamunna Dýrafjarðarganga, á grundvelli þeirra gagna sem fyrir liggja skv. 13.gr. skipulagslaga 123/2010 og reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.*

*Sigurður Mar vék af fundi við afgreiðslu erindis.*